Fyrir iðgjaldagreiðslum utan þessara takmarkana verðum við að veita samþykki okkar.

Für Beitragszahlungen außerhalb dieser Grenzen müssen wir unsere Zustimmung erklären.

Upplýsingar fyrir viðskiptavinum um mikilvægar spurningar / Kundeninformation zu wichtigen Fragen

Staða / Stand: 17.12.2012

Hér á eftir gerum við þér nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum atriðum varðandi ellilífeyrstrygginguna þína.
Im Folgenden erläutern wir Ihnen die wichtigsten Fragen zu Ihrer Altersrentenversicherung.

1. „Hver er hver“ í lífeyrstryggingunni? / „Wer ist wer“ bei der Rentenversicherung?

Sem tryggingartaki ert þú viðsemjandi okkar. Hinn tryggði er sá einstaklingur sem er líftryggður samkvæmt viðkomandi tryggingarsamningi. **Rétthafi** er sá einstaklingur sem þú hefur tilnefnt sem viðtakanda tryggingargreiðslna.

Als **Versicherungsnehmer** sind Sie unser Vertragspartner. **Versicherte Person** ist die Person, auf deren Leben die Versicherung abgeschlossen ist. Der **Bezugsberechtigte** ist die von Ihnen zum Empfang der Leistung bestimmte Person.

2. Hvenær byrjar tryggingarverndin? / Wann beginnt Ihr Versicherungsschutz?

Tryggingarvernd þín hefst strax eftir að þú hefur undirritað váttryggingarsamninginn. Hins vegar er engin tryggingarvernd fyrir hendi á undan þeim upphafsdegi tryggingarinnar sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu. Tryggingarverndin hefst kl. 12 á hádegi á þeim degi sem gefinn er upp í tryggingarskírteininu. Greiðsluskylða okkar getur fallið niður ef þú greiðir iðgjald ekki á réttum tíma.

Ihr Versicherungsschutz beginnt, wenn Sie den Vertrag mit uns abgeschlossen haben. Jedoch besteht vor dem im Versicherungsschein angegebenen Versicherungsbeginn kein Versicherungsschutz. Ihr Versicherungsschutz beginnt um 12 Uhr mittags an dem im Versicherungsschein genannten Tag. Unsere Leistungspflicht kann entfallen, wenn Sie den Beitrag nicht rechtzeitig zahlen.

3. Hver fær tryggingargreiðslurnar? / Wer erhält die Leistung?

Tryggingabæturnar greiðum við þér sem tryggingartaka.
Die Leistung erbringen wir an Sie als Versicherungsnehmer.

Þú getur tilgreint annan einstakling sem viðtakanda (rétthafa) greiðslunnanna:
Sie können eine andere Person benennen, die die Leistung erhalten soll (Bezugsberechtigter):

Ef þú tilgreinir annan einstakling **afturkallanlega** sem rétthafa getur þú hvenær sem er afturkallað þá ákvörðun. Þó er ekki hægt að afturkalla bótaréttinn eftir að tryggingaratburður hefur átt sér stað.
Wenn Sie ein Bezugsrecht **widerruflich** bestimmen, können Sie dieses Bezugsrecht jederzeit widerrufen. Nach dem Eintritt eines Versicherungsfalls ist ein Widerruf jedoch nicht mehr möglich.

Hafir þú tilgreint annan einstakling **óafturkallanlega** sem rétthafa getur þú ekki afturkallað þá ákvörðun nema með samþykki rétthafans.
Ein **unwiderruflich** festgelegtes Bezugsrecht können Sie nur mit Zustimmung des Bezugsberechtigten ändern.

Viðurkenning eða afturköllun á bótarétti er fyrir okkur skuldbindandi því aðeins og ekki fyrir en þessar breytingar hafa verið tilkynntar okkur með undirritaðu bréfi.

Die Einräumung und der Widerruf bzw. die Änderung eines Bezugsrechts sind uns gegenüber nur und erst dann wirksam, wenn sie uns von Ihnen durch ein unterschriebenes Schriftstück angezeigt worden sind.

4. Hvað ættirðu að vita um iðgjaldagreiðslur? / Was sollten Sie über die Beitragszahlung wissen?

Iðgjöldin greiðir þú eftir samkomulagi, annaðhvort í einu lagi (með eingreiðslu) með reglulegum greiðslum til enda umsamins iðgjaldagreiðslutíma mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða árlega.

Die Beiträge zahlen Sie je nach Vereinbarung in einem Betrag (Einmalbeitrag), monatlich, viertel-, halbjährlich oder jährlich bis zum Ablauf der vereinbarten Beitragszahlungsdauer.

5. Getur þú fengið afrit af upplýsingum þínum og útskýringum? / Können Sie Abschriften Ihrer Erklärungen verlangen?

Samkvæmt 3. grein þýskra laga um tryggingasamninga geturðu á eigin kostnað hvenær sem er fengið afrit af þeim yfirlýsingum og útskýringum sem þú hefur fært inn í samninginn.

Nach § 3 des Versicherungsvertragsgesetzes können Sie auf Ihre Kosten jederzeit Abschriften der Erklärungen verlangen, die Sie zu Ihrem Vertrag abgegeben haben.

6. Hvernig eru áunnin réttindi þín á grundvelli samningsins tryggð? / Wie sind die Ansprüche aus Ihrem Vertrag abgesichert?

Lögboðinn tryggingasjóður, Protektor Lebensversicherung-AG (Postfach 080306, 10003 Berlin, www.protektor-ag.de) baktryggir áunnin tryggingarréttindi þín. Tryggingarsjóðurinn ábyrgist greiðslur og kröfur í samræmi við réttindi tryggingartaka, þeirra sem tryggðir eru, rétthafa bóta og annarra sem eiga kröfu samkvæmt tryggingarsamningnum.

Die Protektor Lebensversicherung-AG (Postfach 080306, 10003 Berlin, www.protektor-ag.de) sichert als gesetzlicher Sicherungsfonds die Ansprüche aus Ihrem Vertrag ab. Der Sicherungsfonds schützt die Anwartschaften und Ansprüche der Versicherungsnehmer, der versicherten Personen, der Bezugsberechtigten und sonstiger aus dem Vertrag begünstigter Personen.

Upplýsingar og ábendingar um skattalega meðferð *Informationen und Hinweise zur steuerlichen Behandlung*

Staða / Stand: 01.01.2013

1. Skattaleg meðferð í Sambandslýðveldinu Þýskalandi / *Steuerliche Behandlung in der BRD*

Reglulegar lífeyrisgreiðslur úr tryggingunni að meðtöldum inniföldum arði eru sem stendur (staða 01/2012) ekki tekjuskattskyldar í Þýskalandi. Skattskyldar eingreiðslur, þegar hinn tryggði er á lífi, eru þó fjármagnstekjuskattskyldar. Þegar við sendum þér slíkar greiðslur færðu um leið viðeigandi skattatilkynningu. Ekki er fyrirfram hægt að veita undanþágu frá fjármagnstekjuskatti.

Die Leistungen und die darin enthaltenen Erträge aus Ihrer Versicherung sind nach derzeitigem Stand (01/2012) in der BRD nicht einkommensteuerpflichtig. Steuerpflichtige Kapitalzahlungen im Erlebensfall unterliegen dennoch dem Kapitalertragsteuerabzug. Hierüber erhalten Sie von uns bei Auszahlung eine Steuerbescheinigung. Ein Freistellungsauftrag kann nicht erteilt werden.

Þú getur sótt um endurgreiðslu frádreginna skatta hjá Bundeszentralamt für Steuern (Skattstofu Þýskalands) í Bonn-Beuel, An der Kuppe 1, D-53225 Bonn.

Sie können beim Bundeszentralamt für Steuern in Bonn-Beuel, An der Kuppe 1, 53225 Bonn eine Erstattung der einbehaltenen und abgeführten Steuer beantragen.

2. Skattaleg meðferð á Íslandi / *Steuerliche Behandlung in Island*

Af tryggingagreiðslunum til þín þurfum við ekki að halda eftir hluta til staðgreiðslu á íslenskum sköttum. Það er alfarið á ábyrgð viðtakanda greiðslunnar að tilgreina þær í íslensku skattskýrslunni og ganga frá uppgjöri skatta. Þú færð frá okkur staðfestingu um greiðslurnar.

Bei Auszahlung von Leistungen müssen wir keine isländischen Steuern einbehalten. Es liegt in der Verantwortung des Leistungsempfängers, die Leistungen in seiner isländischen Einkommensteuererklärung anzugeben. Sie erhalten von uns eine Bescheinigung über die ausgezahlten Leistungen.

Vakin er athygli á því að ábyrgð Ábyrgðarsjóðs launa takmarkast við 4% af brúttólaunum samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd, sbr. 1. mgr. 9. gr. nr. 129/1997 eða allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvæðum kjarasamnings; ef ekki hefur verið gerður samningur milli launþega og vinnuveitanda takmarkast ábyrgðin samkvæmt ákvæðum kjarasamnings við 4% af brúttólaunum að hámarki. Einnig er vakin athygli á því að hugsanlegar kröfur framkvæmdarstjóra og stjórnarmanna hins gjaldþrota fyrirtækis falla ekki undir ábyrgð sjóðsins. *Es wird darauf hingewiesen, dass nach dem Vertrag über ergänzende Rentenversicherung vgl. § 9 Abs. 1 Nr. 129/1997, die Garantieübernahme des Garantiefonds für Löhne und Gehälter auf 4 % des Bruttogehalts begrenzt sind; sollte es zwischen dem Arbeitgeber und dem Lohnempfänger keinen Vertrag geben, ist die Garantieübernahme nach den Bedingungen des Tarifvertrags auf bis zu 4 % des Bruttogehalts begrenzt. Es wird auch darauf hingewiesen, dass eventuelle Forderungen der Direktoren und Vorstandsmitglieder der insolventen Firma durch den Garantiefonds nicht gedeckt sind.*

Upplýsingablað um gagnavinnslu / Merkblatt zur Datenverarbeitung

Staða / Stand: 17.12.2012

Almenn athugasemd / Vorbemerkung

Tryggingar geta nú á tímum aðeins þjónað hlutverki sínu með hjálp rafrænnar gagnavinnslu. Einungis á þann hátt er hægt að ganga frá samningum á áreiðanlegan, skjótan og hagkvæman hátt; einnig tryggir rafræn gagnavinnsla meira öryggi gegn misnotkun en handvirku aðferðirnar sem áður voru notaðar. Meðferð þeirra persónugagna sem við fáum um þig er skilgreind í þýsku gagnaverndarlögum (Bundesdatenschutzgesetz, BDSG). Samkvæmt þeim er meðferð og notkun upplýsinga heimil innan ramma gagnaverndarlaga eða annarra lagaskilyrða eða ef viðkomandi einstaklingur hefur veitt leyfi til þess. Lögin um gagnavernd (BDSG) heimila öflun, úrvinnslu og notkun upplýsinga ef það þjónar skilgreindum tilgangi samningssambands eða annars sambærilegs trúnaðarsambands eða ef það þjónar réttmætum hagsmunum ábyrgðaraðila og ekki liggur fyrir ástæða til að ætla að réttmætum hagsmunum þeirra sem í hlut eiga sé betur borgið með því að útiloka úrvinnslu eða notkun upplýsinganna.

Versicherungen können heute ihre Aufgaben nur noch mit Hilfe der elektronischen Datenverarbeitung (EDV) erfüllen. Nur so lassen sich Vertragsverhältnisse korrekt, schnell und wirtschaftlich abwickeln; auch bietet die EDV einen besseren Schutz der Versicherungsgemeinschaft vor missbräuchlichen Handlungen als die bisherigen manuellen Verfahren. Die Verarbeitung der uns bekanntgegebenen Daten zu Ihrer Person wird durch das Bundesdatenschutzgesetz (BDSG) geregelt. Danach ist die Datenverarbeitung und –nutzung zulässig, wenn das BDSG oder eine andere Rechtsvorschrift sie erlaubt oder wenn der Betroffene eingewilligt hat. Das BDSG erlaubt die Datenerhebung, –verarbeitung und –nutzung stets, wenn dies im Rahmen der Zweckbestimmung eines Vertragsverhältnisses oder vertragsähnlichen Vertrauensverhältnisses geschieht oder soweit es zur Wahrung berechtigter Interessen der verantwortlichen Stelle erforderlich ist und kein Grund zu der Annahme besteht, dass das schutzwürdige Interesse des Betroffenen an dem Ausschuss der Verarbeitung oder Nutzung überwiegt.

Yfirlýsing um samþykki / Einwilligungserklärung

Óháð slíku mati á hagsmunum í hverju tilviki fyrir sig og til að tryggja að gagnavinnslan byggji á traustum lagalegum forsendum er í tryggingarsamningi þínum að finna yfirlýsingu um samþykki samkvæmt gagnaverndarlögum. Yfirlýsingin gildir einnig eftir að tryggingarsamningurinn endar en fellur aftur á móti úr gildi – nema þegar líf- og slysatryggingar eiga í hlut – ef umsókninni er hafnað eða ef þú nýtir þér rétt þínt til að afturkalla hana hvenær sem er; um þennan rétt gildir þó meginreglan um trúnað og traust. Ef yfirlýsingin um samþykki er stríkuð út að öllu eða nokkru leyti í umsókninni getur það leitt til þess að samningur komist ekki á. Þótt yfirlýsingin um samþykki verði afturkölluð eða stríkuð út að öllu eða nokkru leyti er samt heimilt að nýta gögnin innan þess takmarkaða ramma sem gagnaverndarlög heimila – eins og lýst er í almennu athugasemdinni hér að framan.

Unabhängig von dieser im Einzelfall vorzunehmenden Interessensabwägung und im Hinblick auf eine sichere Rechtsgrundlage für die Datenverarbeitung ist in Ihrem Versicherungsvertrag eine Einwilligungserklärung nach dem BDSG aufgenommen worden. Diese gilt über die Beendigung des Versicherungsvertrages hinaus, endet jedoch – außer in der Lebens- und Unfallversicherung – schon mit Ablehnung des Antrags oder durch Ihren jederzeit möglichen Widerruf, der allerdings den Grundsätzen von Treu und Glauben unterliegt. Wird die Einwilligung bei Antragstellung ganz oder teilweise gestrichen, kommt es unter Umständen nicht zu einem Vertragsabschluss. Trotz Widerruf oder ganz bzw. teilweise gestrichener Einwilligungserklärung kann eine Datenverarbeitung und –nutzung in dem begrenzten gesetzlich zulässigen Rahmen, wie in der Vorbemerkung beschrieben, erfolgen.

Yfirlýsing um afléttingu þagnarskyldu / Schweigepflichtentbindungserklärung

Ennfremur krefst dreifing á gögnum sem falla undir þagnareid af atvinnulegulegum ástæðum, t.d. frá læknum, sérstaks samþykkis viðkomandi einstaklings (yfirlýsingar um afléttingu þagnarskyldu). Þegar um er að ræða líf-, sjúkra- eða slysatryggingu (einstaklingstryggingu) er þess vegna að finna í umsókninni ákvæði um yfirlýsingu um afléttingu þagnarskyldunnar.

Daneben setzt auch die Übermittlung von Daten, die, wie zum Beispiel beim Arzt, einem Berufsgeheimnis unterliegen, eine spezielle Erlaubnis des Betroffenen (Schweigepflichtenentbindung) voraus. In der Lebens-, Kranken- und Unfallversicherung (Personenversicherung) ist daher im Antrag auch eine Schweigepflichtenentbindungsklausel enthalten.

Hér á eftir eru nefnd nokkur mikilvæg dæmi um úrvinnslu og nýtingu gagna.

Im Folgenden wollen wir Ihnen einige wesentliche Beispiele für die Datenverarbeitung und -nutzung nennen.

1. Vistun gagna hjá tryggingarsala / Datenspeicherung bei Ihrem Versicherer

Við öflum og vistum gögn sem eru nauðsynleg fyrir tryggingarsamninginn. Hér er einkum um að ræða upplýsingar sem þú veitir í umsókninni (umsóknargögn). Varðandi umsóknina vistum við einnig tryggingartæknileg gögn, s.s. viðskiptavinanúmer, tryggingarfjárhæð, tryggingartíma, iðgjald, bankaupplýsingar sem og, ef nauðsynlegt er, upplýsingar frá þriðja aðila, t.d. tryggingamiðlara, sérfræðingi eða lækni (samningsgögn). Ef um er að ræða váttryggingaraburð vistum við upplýsingar þínar um tjónið og, eftir atvikum, upplýsingar frá þriðja aðila, t.d. niðurstöðu læknis um skerta starfsgetu, staðfestingu bifreiðaverkstæðis um altjón á bifreið eða, þegar líftrygging rennur út, greiðslufjárhæð (greiðslugögn).

Wir erheben und speichern Daten, die für den Versicherungsvertrag notwendig sind. Das sind zunächst Ihre Angaben im Antrag (Antragsdaten). Weiter werden zum Vertrag versicherungstechnische Daten wie Kundennummer (Partnernummer), Versicherungssumme, Versicherungsdauer, Beitrag, Bankverbindung sowie erforderlichenfalls die Angaben eines Dritten, z. B. eines Vermittlers, eines Sachverständigen oder eines Arztes geführt (Vertragsdaten). Bei einem Versicherungsfall speichern wir Ihre Angaben zum Schaden und gegebenenfalls auch Angaben von Dritten, wie z. B. den vom Arzt ermittelten Grad der Berufsunfähigkeit, die Feststellung Ihrer Reparaturwerkstatt über einen Kfz-Totalschaden oder bei Ablauf einer Lebensversicherung den Auszahlungsbetrag (Leistungsdaten).

2. Framsal gagna til endurtryggingaraðila / Datenübermittlung an Rückversicherer

Í þágu tryggingartaka leitast tryggingarsali ávallt við að jafna út þá áhættu sem hann yfirtekur. Af þessum sökum framseljum við í mörgum tilvikum hluta áhættunnar til innlendra og erlendra endurtryggingaraðila. Endurtryggingaraðilarnir þurfa einnig að fá í hendur viðeigandi tryggingartæknileg gögn frá okkur, s.s. tryggingarnúmer, iðgjöld, tegund tryggingar, áhættu og áhættuálags sem og, í einstökum tilvikum, persónuupplýsingar þínar. Ef endurtryggingaraðilar koma að mati á áhættu og tjóni eru þeim einnig látin í té gögn sem eru nauðsynleg í þessum tilgangi.

Im Interesse seiner Versicherungsnehmer wird ein Versicherer stets für einen Ausgleich der von ihm übernommenen Risiken achten. Deshalb geben wir in vielen Fällen einen Teil der Risiken an Rückversicherer im In- und Ausland ab. Diese Rückversicherer benötigen ebenfalls entsprechende versicherungstechnische Angaben von uns, wie Versicherungsnummer, Beitrag, Art des Versicherungsschutzes und des Risikos und Risikozuschlags sowie im Einzelfall auch Ihre Personalien. Soweit Rückversicherer bei der Risiko- und Schadenbeurteilung mitwirken, werden ihnen auch die dafür erforderlichen Unterlagen zur Verfügung gestellt.

Í sumum tilvikum nota endurtryggingaraðilar frekari endurtryggingaraðila og fá þeir þá einnig afhent viðeigandi gögn.

In einigen Fällen bedienen sich die Rückversicherer weiterer Rückversicherer, denen sie ebenfalls entsprechende Daten übergeben.

3. Framsal gagna til annarra tryggingarsala / Datenübermittlung an andere Versicherer

Samkvæmt lögum um tryggingarsamninga ber hinum tryggða að láta tryggingarsala í té allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi áhættu og meðferð tjónamála í tryggingarumsókn, við breytingar á tryggingarsamningi og ef um tjónstilvik er að ræða. Til þessara upplýsinga teljast t.d. fyrri sjúkdómar og váttryggingaraburðir eða upplýsingar um aðrar sambærilegar tryggingar (sem sótt hefur verið um, eru í gildi, hefur verið hafnað eða sagt upp). Til að koma í veg fyrir tryggingarmisnotkun eða til að skýra hugsanlegar þversagnir í upplýsingum hins tryggða eða fylla í eyður í upplýsingum um tjón getur

veríð nauðsynlegt að óska eftir upplýsingum frá öðrum tryggingarsölum eða veita slíkar upplýsingar ef þess er óskað.

Nach dem Versicherungsvertragsgesetz hat der Versicherte bei Antragsstellung, jeder Vertragsänderung und im Schadenfall dem Versicherer alle für die Einschätzung des Wagnisses und die Schadenabwicklung wichtigen Umstände anzugeben. Hierzu gehören z.B. frühere Krankheiten und Versicherungsfälle oder Mitteilungen über gleichartige andere Versicherungen (beantragte, bestehende, abgelehnte oder gekündigte). Um Versicherungsmissbrauch zu verhindern, eventuelle Widersprüche in den Angaben des Versicherten aufzuklären oder um Lücken bei den Feststellungen zum entstandenen Schaden zu schließen, kann es erforderlich sein, andere Versicherer um Auskunft zu bitten oder entsprechende Auskünfte auf Anfragen zu erteilen.

Ennfremur geta tryggingarsalar þurft að skiptast á persónuupplýsingum í sumum tilvikum (þegar um er að ræða tvöfaldar tryggingar, lögbundna yfirfærslu krafna eða samkomulag um skiptingu). Í slíkum tilvikum fer fram framsal á gögnum varðandi viðkomandi einstakling, t.d. nafn og heimilisfang, skráningarnúmer ökutækis, tegund tryggingar og áhættu eða upplýsingar um tjón, s.s. tjónsupphæð og tjónsdag.

Auch sonst bedarf es in bestimmten Fällen (Doppelversicherungen, gesetzlicher Forderungsübergang sowie bei Teilungsabkommen) eines Austausches von personenbezogenen Daten unter den Versicherern. Dabei werden Daten des Betroffenen weitergegeben, wie Namen und Anschrift, Kfz-Kennzeichen, Art des Versicherungsschutzes und des Risikos oder Angaben zum Schaden, wie Schadenhöhe und Schadentag.

4. Framsal gagna til annarra fyrirtækja / Datenübermittlung an andere Unternehmen

Við höfum falið fyrirtæki (sem stendur Premium ehf. á Siglufirði) að annast fyrir okkar hönd eftirlit með og móttöku á iðgjaldagreiðslum, yfirfærslu heildarinneignar ef skipt er um veitanda á viðbótar lífeyrstryggingu, útborgun umsaminna tryggingargreiðslna ásamt þar til heyrandi umsýslu og þjónustu). Í þessu skyni er óhjákvæmilegt að afhenda því fyrirtæki sem við felum að annast þessa þjónustu vissar upplýsingar sem koma fram í umsóknargögnum þínum; er þar fyrst og fremst um að ræða kennitölu þína, iðgjaldagreiðslustöðu, heildariðgjald í einu lagi ásamt upplýsingum um vinnuveitanda þinn og skilagreinar frá honum ef við á. Það er skýlaus krafa okkar til fyrirtækis sem við felum að annast slíka þjónustu að það virði ákvæði um gagnavernd og nýti þau gögn sem það fær afhent eingöngu til þess að framkvæma þau verkefni og þá þjónustu sem því er falið

Wir haben ein Unternehmen (derzeit Premium ehf. Siglufjordur, Island) mit der Überwachung und Annahme von Beitragszahlungen, der Übertragung von Vertragsguthaben im Fall eines Wechsels des Anbieters ergänzender Rentenversicherungen, der Auszahlung vertraglicher Versicherungsleistungen sowie der damit zusammenhängenden Hilfs- und Abwicklungstätigkeiten beauftragt. Zu diesem Zweck ist es erforderlich, die sich aus Ihren Vertragsunterlagen ergebenden Daten, insbesondere Ihre Kennitala, den Prämienstand, die Einzelprämie sowie die Prüfung und eventuelle Zahlungsmittelungen Ihres Arbeitgebers, an das beauftragte Unternehmen zu übermitteln. Wir verpflichten das von uns beauftragte Unternehmen, die datenschutzrechtlichen Bestimmungen einzuhalten und von den übermittelten Daten ausschließlich zur Durchführung der von ihm wahrzunehmenden Aufgaben und Tätigkeiten Gebrauch zu machen.

Það fyrirtæki sem við felum að annast slíka þjónustu getur falið öðru fyrirtæki að sjá um ofan nefnd verkefni og afhent þessu fyrirtæki upplýsingar sem koma fram í umsóknargögnum þínum að svo miklu leyti sem nauðsyn ber til. Því fyrirtæki sem við felum að annast slíka þjónustuþætti ber skylda til að tryggja að hitt fyrirtækið nýti þau gögn sem það fær afhent í þessu skyni eingöngu til þess að framkvæma þau verkefni og þá þjónustu sem því er falið.

Das von uns beauftragte Unternehmen kann ein anderes Unternehmen beauftragen, die oben genannten Aufgaben und Tätigkeiten wahrzunehmen, und ausschließlich zu diesem Zweck dem anderen Unternehmen die sich aus Ihren Vertragsunterlagen ergebenden Daten im erforderlichen Umfang übermitteln. Das von uns beauftragte Unternehmen ist verpflichtet sicherzustellen, dass das andere Unternehmen von den ihm übermittelten Daten ausschließlich zur Durchführung der von ihm wahrzunehmenden Aufgaben und Tätigkeiten Gebrauch macht.

5. Miðlægir gagnabankar / Zentrale Hinweissysteme

Tjón / Schaden

Fyrirtækið informa IRFP GmbH rekur gagna- og upplýsingakerfi fyrir þýska váttryggjendur (HIS). Eins og önnur váttryggingarfélög tilkynnum

við HIS um áhættuaukningu og vísbendingar sem gætu bent til tryggingarsvika og sem þess vegna þarfnast nánari athugunar. Slík tilkynning getur verið send í tengslum við tryggingarumsókn eða tjónamál vegna persónutjóns eða eignatjóns, t.d. á bifreið. Tilkynning varðandi einstakling kemur til greina ef tjónstilkynningar eru óvenjumargar eða ef til dæmis er misræmi milli tjónamynda og lýsingar á tryggingarathurði. Ef tjón verður þarf váttryggjandinn að vita hvort ökutæki var með alvarlegar eða óviðgerðar skemmdir fyrir tjónsatburðinn eða hvort jafnvel hafi einhvern tíma verið tilkynnt um stuld á því. Þess vegna tilkynnum við HIS um ökutæki sem verða fyrir alþjóni, sem er stolið eða ef um er að ræða tjónsuppgjör án sannana fyrir því að viðgerð hafi farið fram. Fasteignir tilkynnum við til HIS ef tjónstilvik eru óvenjulega mörg. Ef við skyldum senda HIS tilkynningu um þig, fasteign þína eða ökutæki látum við þig í öllu falli vita um að við höfum sent skýrslu.

Die informa IRFP GmbH betreibt das Hinweis- und Informationssystem der Versicherungswirtschaft (HIS). An das HIS melden wir – ebenso wie andere Versicherungsunternehmen – erhöhte Risiken sowie Auffälligkeiten, die auf Versicherungsbetrug hindeuten könnten und daher einer näheren Prüfung bedürfen. Die Meldung ist bei Antragstellung oder im Schadenfall möglich und kann eine Person oder eine Sache, z.B. ein Kfz, betreffen. Eine Meldung zur Person ist möglich, wenn ungewöhnlich oft Schäden gemeldet werden oder z.B. das Schadenbild mit der Schadenschilderung nicht in Einklang zu bringen ist. Die Versicherer müssen im Schadenfall wissen, ob ein Fahrzeug schwerwiegende oder unreparierte Vorschäden hatte oder sogar schon einmal als gestohlen gemeldet wurde. Aus diesem Grund melden wir Fahrzeuge an das HIS, wenn diese einen Totalschaden haben, gestohlen worden sind, sowie im Falle von Abrechnungen ohne Reparaturnachweis. Immobilien melden wir an das HIS, wenn wir eine ungewöhnlich hohe Schadenhäufigkeit feststellen. Sollten wir Sie, Ihre Immobilie oder Ihr Fahrzeug an das HIS melden, werden Sie in jedem Fall über die Einmeldung von uns benachrichtigt.

Við prófum á umsókn þinni um váttryggingarsamning eða um tjónsbætur sendum við spurningar um persónu eða eign (t.d. ökutæki) til HIS og vistum upplýsingar sem berast á grundvelli fyrirsögnanna. Í tjónstilvikum getur eftir ábendingu frá HIS verið nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um málavexti frá öðrum váttryggjendum sem hafa sent gögn til HIS. Þessar upplýsingar vistum við einnig að svo miklu leyti sem þær geta haft þýðingu fyrir könnun á viðkomandi tjónsatburði. Ennfremur getur komið til þess að við svörum fyrirsögnunum annarra váttryggjenda vegna síðari bótakröfu og verðum þess vegna að gefa þeim upplýsingar um þinn tjónsatburð.

Bei der Prüfung Ihres Antrags auf Abschluss eines Versicherungsvertrages oder Regulierung eines Schadens, richten wir Anfragen zur Person oder Sache (z.B. Kfz) an das HIS und speichern die Ergebnisse der Anfragen. Im Schadensfall kann es nach einem Hinweis durch das HIS erforderlich sein, genauere Angaben zum Sachverhalt von den Versicherern, die Daten an das HIS gemeldet haben, zu erfragen. Auch diese Ergebnisse speichern wir, soweit sie für die Prüfung des Versicherungsfalls relevant sind. Es kann auch dazu kommen, dass wir Anfragen anderer Versicherer in einem späteren Leistungsfall beantworten und daher Auskunft über Ihren Schadenfall geben müssen.

Nákvæmar upplýsingar um HIS er að finna á vefslóðinni www.informa-irfp.de.

Eine detaillierte Beschreibung des HIS finden Sie im Internet unter www.informa-irfp.de.

Réttarvernd / Rechtsschutz

Fyrirtækið informa IRFP GmbH rekur gagna- og upplýsingakerfi fyrir þýska váttryggjendur (HIS). Eins og önnur váttryggingarfélög tilkynnum við HIS um áhættuaukningu. Sendar eru upplýsingar um tryggingarsamninga ef óvenju oft eru lagðar fram kröfur um réttarvernd. Ef við skyldum senda HIS tilkynningu um þig gerum við þér viðvart.

Die informa IRFP GmbH betreibt das Hinweis- und Informationssystem der Versicherungswirtschaft (HIS). An das HIS melden wir – ebenso wie andere Versicherungsunternehmen – erhöhte Risiken. Verträge werden gemeldet, wenn ungewöhnlich häufig Rechtsschutzfälle gemeldet werden. Sollten wir Sie an das HIS melden, werden wir Sie darüber benachrichtigen.

Við prófum á umsókn þinni um váttryggingarsamning sendum við fyrirsögnir um persónu þína til HIS og vistum upplýsingar sem berast á grundvelli fyrirsögnanna. Ef við fáum vísbendingar um áhættuaukandi atriði er hugsanlegt að við þurfum að fá frá þér ítarlegri upplýsingar um það sem liggur að baki vísbendingunum.

Bei der Prüfung Ihres Antrags auf Abschluss eines Versicherungsvertrages richten wir Anfragen zur Ihrer Person an das HIS und speichern die Ergebnisse der Anfragen. Erhalten wir einen Hinweis auf risikohörende Besonderheiten, kann es sein, dass wir von Ihnen zusätzliche Informationen zu dem konkreten Grund der Meldung benötigen.

Nákvæmar upplýsingar um HIS er að finna á vefslóðinni www.informa-irfp.de.

Eine detaillierte Beschreibung des HIS finden Sie im Internet unter www.informa-irfp.de.

Líf / Leben

Fyrirtækið informa IRFP GmbH rekur gagna- og upplýsingakerfi fyrir þýska váttryggingendur (HIS). Eins og önnur váttryggingarfélag tilkynnum við HIS um áhættuaukningu og vísbendingar sem gætu bent til tryggingarsvika og sem þess vegna þarfnast nánari athugunar.

Die informa IRFP GmbH betreibt das Hinweis- und Informationssystem der Versicherungswirtschaft (HIS). An das HIS melden wir – ebenso wie andere Versicherungsunternehmen – erhöhte Risiken sowie das Bestehen von Auffälligkeiten, die auf Versicherungsbetrug hindeuten könnten und daher einer näheren Prüfung bedürfen.

Tilkynnt er um samninga þar sem tryggingar- eða lífeyrisupphæðin fer yfir viss mörk. Einnig er hægt að tilkynna um fleiri atriði sem eru áhættuaukandi eða sem skipta máli fyrir ákvarðanatöku um tryggingargreiðslur; þau verða hins vegar ekki nánar tilgreind hér. Engar upplýsingar um heilsufar eru sendar til HIS. Ef við skyldum senda HIS tilkynningu um þig gerum við þér viðvart.

Verträge werden ab einer bestimmten Versicherungssumme bzw. Rentenhöhe gemeldet. Gemeldet werden können außerdem das Bestehen weiterer risikohörender bzw. für die Leistungsprüfung relevanter Besonderheiten, die aber im Einzelnen nicht konkretisiert werden. Es werden keine Gesundheitsdaten an das HIS gemeldet. Sollten wir Sie an das HIS melden, werden wir Sie darüber benachrichtigen.

Við prófun á umsókn þinni um váttryggingarsamning sendum við fyrirsurnir um persónu þína til HIS og vistum upplýsingar sem berast á grundvelli fyrirsurnanna. Ef við fáum vísbendingar um áhættuaukandi atriði er hugsanlegt að við þurfum að fá frá þér ítarlegri upplýsingar um það sem liggur að baki vísbendingunum. Einnig getum við sent fyrirsurnir til HIS ef þú sækir um greiðslur úr tryggingunni. Í slíku tilviki getur eftir ábendingu frá HIS verið nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um málavexti frá öðrum váttryggingendum sem hafa sent gögn til HIS. Þessar upplýsingar vistum við einnig að svo miklu leyti sem þær geta haft þýðingu fyrir könnun á viðkomandi tjónsatburði. Ennfremur getur komið til þess að við svörum fyrirsurnum annarra váttryggingenda vegna síðari bótakröfu og verðum þess vegna að gefa þeim upplýsingar um þinn tjónsatburð. Ef til þess skyldi koma að við fáum heilsufarsupplýsingar frá þér eða öðrum váttryggingendum þá gerist það eingöngu með skýlausu samþykki þínu eða – ef leyfilegt er – á lagalegum grundvelli.

Bei der Prüfung Ihres Antrags auf Abschluss eines Versicherungsvertrages richten wir Anfragen zur Ihrer Person an das HIS und speichern die Ergebnisse der Anfragen. Erhalten wir einen Hinweis auf risikohörende Besonderheiten, kann es sein, dass wir von Ihnen zusätzliche Informationen zu dem konkreten Grund der Meldung benötigen. Wenn Sie Leistungen aus dem Versicherungsvertrag beantragen, können wir Anfragen an das HIS stellen. In diesem Fall kann es nach einem Hinweis durch das HIS erforderlich sein, genauere Angaben zum Sachverhalt von den Versicherern, die Daten an das HIS gemeldet haben, zu erfragen. Auch diese Ergebnisse speichern wir, soweit sie für die Prüfung des Versicherungsfalls relevant sind. Es kann auch dazu kommen, dass wir Anfragen anderer Versicherer in einem späteren Leistungsantrag beantworten und daher Auskunft geben müssen. Werden im Zusammenhang mit unserer Nachfrage bei Ihnen oder bei anderen Versicherern Gesundheitsdaten erhoben, erfolgt dies nur mit Ihrem ausdrücklichen Einverständnis oder – soweit zulässig – auf gesetzlicher Grundlage.

Nákvæmar upplýsingar um HIS er að finna á vefslóðinni www.informa-irfp.de.

Eine detaillierte Beschreibung des HIS finden Sie im Internet unter www.informa-irfp.de.

6. Gagnavinnsla innan og utan fyrirtækjasamstæðunnar / Datenverarbeitung in- und außerhalb der Unternehmensgruppe

Einstakar tryggingargreinar (t.d. líf-, sjúkra- eða eignatryggingar) og önnur fjármálþjónusta, s.s. lánaþjónusta, húsnæðissparnaður, fjárfestingar og fasteignakaup, eru starfræktar af fyrirtækjum sem eru sjálfstæðir lögaðilar. Til að geta boðið viðskiptavinum upp á allhliða tryggingavernd starfa fyrirtækin iðulega saman í fyrirtækjasamstæðum.

Einzelne Versicherungsbranchen (z.B. Lebens-, Kranken-, Sachversicherung) und andere Finanzdienstleistungen, z.B. Kredite, Bausparen, Kapitalanlagen und Immobilien werden durch rechtliche selbstständige Unternehmen betrieben. Um den Kunden einen umfassenden Versicherungsschutz anbieten zu können, arbeiten die Unternehmen häufig in Unternehmensgruppen zusammen.

Til að spara kostnað eru þá einstakir þjónustubættir, s.s. innheimta eða gagnavinnsla, reknir miðlægt. Þannig er t.d. heimilisfang þitt aðeins vistað einu sinni jafnvel þótt þú hafir gert samninga við ólík fyrirtæki innan samstæðunnar; ennfremur eru upplýsingar á borð við tryggingarnúmer, tegund samninga og hugsanlega einnig fæðingardagur þinn og bankaupplýsingar, þ.e. almennar upplýsingar á grundvelli umsókna, samninga og tryggingagreiðslna, skráð í einn miðlægan gagnagrunn.

Zur Kostenersparnis werden dabei einzelne Bereich zentralisiert, wie das Inkasso oder die Datenverarbeitung. So wird z. B. Ihre Adresse nur einmal gespeichert, auch wenn Sie die Verträge mit verschiedenen Unternehmen der Gruppe abschließen und auch Ihre Versicherungsnummer, die Art der Verträge, gegebenenfalls Ihr Geburtsdatum, Kontonummer und Bankleitzahl, d.h. Ihre allgemeinen Antrags-, Vertrags- und Leistungsdaten werden in einer zentralen Datensammlung geführt.

Þannig má kalla fram svokallaðar samstarfsupplýsingar (t. d. nafn, heimilisfang, viðskiptavinanúmer, bankaupplýsingar, gildandi samninga) frá öllum fyrirtækjum samstæðunnar. Á þennan hátt er ævinlega hægt að flokka móttekinn póst og heimfæra fyrirsurnir í gegnum síma á viðeigandi aðila. Ennfremur gerir þetta kleift að bóka óljósar innkomnar greiðslur á réttan hátt og án þess að þurfa að kalla eftir frekari upplýsingum frá greiðanda.

Dabei sind die sogenannten Partnerdaten (z. B. Name, Adresse, Kundennummer, Kontonummer, Bankleitzahl, bestehende Verträge) von allen Unternehmen der Gruppe abfragbar. Auf diese Weise kann eingehende Post immer richtig zugeordnet und bei telefonischen Anfragen sofort der zuständige Partner genannt werden. Auch Geldeingänge können so in Zweifelsfällen ohne Rückfragen korrekt verbucht werden.

Aðrar almennar upplýsingar úr umsóknum, samningum og vegna tryggingagreiðslna eru hins vegar aðeins fáanlegar hjá þeim váttryggingafélögum sem eru aðilar að samstæðunni.

Die übrigen allgemeinen Antrags-, Vertrags- und Leistungsdaten sind dagegen nur von den Versicherungsunternehmen der Gruppe abfragbar.

Þótt allar þessar upplýsingar séu aðeins notaðar í tengslum við ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavinum gegnum einstök fyrirtæki er í þessu sambandi í lögunum talað um „gagnamiðlun“ og gilda af þeim sökum ákvæði þýskra laga um gagnavernd. Aftur á móti er aðeins viðkomandi fyrirtækjum heimilt að hafa undir höndum og nota sértækar upplýsingar – t. d. upplýsingar um heilsufar eða greiðslugetu.

Obwohl alle diese Daten nur zur Beratung und Betreuung des jeweiligen Kunden durch die einzelnen Unternehmen verwendet werden, spricht das Gesetz auch hier von >>Datenübermittlung<<, bei der die Vorschriften des Bundesdatenschutzgesetzes zu beachten sind. Branchenspezifische Daten – wie z.B. Gesundheits- oder Bonitätsdaten – bleiben dagegen unter ausschließlicher Verfügung der jeweiligen Unternehmen.

Um þessar mundir eru eftirtalin fyrirtæki aðilar að tryggingasamstæðunni Versicherungskammer Bayern:

Der Versicherungsgruppe Versicherungskammer Bayern gehören zur Zeit folgende Unternehmen an:

- Versicherungskammer Bayern Versicherungsanstalt des öffentlichen Rechts,
- Bayerischer Versicherungsverband Versicherungsaktiengesellschaft,
- Bayerische Landesbrandversicherung AG,
- Bayerische Beamtenkrankenkasse AG,
- Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG,
- Versicherungskammer Bayern Konzern-Rückversicherung AG,

- Union Krankenversicherung AG,
- Union Reiseversicherung AG,
- Saarland Feuerversicherung AG,
- Saarland Lebensversicherung AG,
- Feuersozietät Berlin Brandenburg Versicherung AG,
- Öffentliche Lebensversicherung Berlin Brandenburg AG,
- Ostdeutsche Versicherung AG.

Að auki veita tryggingafyrirtæki og -ráðgjafar okkar viðskiptavinum alhliða ráðgjöf og þjónustu á sviði annarrar fjármálaþjónustu (s.s. varðandi lán, húsnæðissparnað, fjárfestingar og fasteignakaup), einnig í samstarfi við lánastofnanir, sparisjóði og fjárfestingar- og fasteignafélög sem standa utan við samstæðuna. Um þessar mundir eru samstarfsaðilar okkar sparisjóðirnir, Landesbausparkasse og tryggingarfyrirtækið ÖRAG Rechtsschutzversicherungs-AG og ProTect Versicherung AG.

Daneben arbeiten unsere Versicherungsunternehmen und Vermittler zur umfassenden Beratung und Betreuung ihrer Kunden in weiteren Finanzdienstleistungen (z.B. Kredite, Bausparverträge, Kapitalanlagen, Immobilien) auch mit Kreditinstituten, Bausparkassen, Kapitalanlage- und Immobiliengesellschaften außerhalb der Gruppe zusammen. Zur Zeit kooperieren wir mit den Sparkassen und der Landesbausparkasse sowie der ÖRAG Rechtsschutzversicherungs-AG und der ProTect Versicherung AG.

Samstarfið felst í gagnkvæmri miðlun þeirrar vöru og þjónustu sem hver aðili býður og í frekari þjónustu við viðskiptavini sem aflað hefur verið með þessum hætti. Þannig reka t.d. framangreindir samstarfsaðilar innan ramma þjónustu og ráðgjafar við viðskiptavini tryggingamiðlun sem viðbót við þeirra eigin fjármálaþjónustu. Um gagnavinnslu þeirra aðila sem annast miðlunina gildir það sem segir í lið 6.

Die Zusammenarbeit besteht dabei in der gegenseitigen Vermittlung der jeweiligen Produkte und der weiteren Betreuung der so gewonnenen Kunden. So vermitteln z.B. die genannten Kooperationspartner im Rahmen einer Kundenberatung/-betreuung Versicherungen als Ergänzung zu den eigenen Finanzdienstleistungsprodukten. Für die Datenverarbeitung der vermittelnden Stelle gelten die folgenden Ausführungen unter Pkt. 6.

7. Þjónusta tryggingamiðlara / Betreuung durch Versicherungsvermittler

Miðlarar okkar veita þér ráðgjöf varðandi tryggingamál og geta, innan ramma annarrar þjónustu sem fyrirtækjasamsteypan eða samstarfsaðilar okkar bjóða, að fengnu samþykki þínu einnig veitt þér ráðgjöf varðandi önnur fjármál. Með miðlurum er hér ekki aðeins átt við einstaklinga heldur einnig miðlunarfélög og, innan ramma samstarfs á sviði fjármálaþjónustu, einnig samstarfsaðila sem tilgreindir eru í lið 5 hér að framan.

In Ihren Versicherungsangelegenheiten sowie im Rahmen des sonstigen Dienstleistungsangebots unserer Unternehmensgruppe bzw. Kooperationspartner werden Sie durch einen unserer Vermittler betreut, der Sie mit Ihrer Einwilligung auch in sonstigen Finanzangelegenheiten berät. Vermittler in diesem Sinn sind neben Einzelpersonen auch Vermittlungsgesellschaften sowie im Rahmen der Zusammenarbeit bei Finanzdienstleistungen auch die unter Ziffer 5 genannten Kooperationspartner.

Til að miðlarinn geti sinnt starfi sínu af kostgæfni veitum við honum þær upplýsingar sem til þess eru nauðsynlegar úr gögnum þínum varðandi umsókn, samning og greiðslur; þar undir falla t.d. tryggingarnúmer, iðgjöld, tegund tryggingar og áhættu, fjöldi váttryggingararburða og fjárhæð bótagreiðslna sem og upplýsingar frá samstarfsfyrirtækjum okkar varðandi aðra fjármálaþjónustu, s.s. upphaf og fjárhæð húsnæðissparnaðarsamnings þíns. Einnig er hugsanlegt að miðlara þínum verði veittar heilsufarsupplýsingar, þó aðeins í þeim eina tilgangi að aðlaga samninga á sviði persónutrygginga.

Um seine Aufgabe ordnungsgemäß erfüllen zu können, enthält der Vermittler zu diesen Zwecken von uns die für die Betreuung notwendigen Angaben aus Ihren Antrags-, Vertrags- und Leistungsdaten, z.B. Versicherungsnummer, Beiträge, Art des Versicherungsschutzes und des Risikos, Zahl der Versicherungsfälle und Höhe von Versicherungsleistungen sowie von unseren Partnerunternehmen Angaben über andere finanzielle Dienstleistungen, z.B. Abschluss und Stand Ihres Bausparvertrages. Ausschließlich zum Zweck von Vertragsanpassungen in der Personenversicherung können an den zuständigen Vermittler auch Gesundheitsdaten übermittelt werden.

Miðlarar okkar vinna úr þessum persónuupplýsingum og nota þær innan ramma framangreindrar ráðgjafar og þjónustu við viðskiptavini.

Jafnframt upplýsum við miðlarana um breytingar á upplýsingum er varða viðskiptavini okkar. Sérhver miðlari er samkvæmt lögum og samningi skuldbundinn til að virða ákvæði og sérstakar þagmælskukröfur laga um gagnavernd (t.d. varðandi atvinnuleyndarmál og gagnaleynd).

Þér verður tilkynnt um hvaða miðlari muni sjá um þín mál. Ef miðlarinn hættir störfum hjá fyrirtæki okkar (t.d. vegna þess að miðlarasamningi er sagt upp eða miðlari hættir störfum vegna aldurs) útveggar fyrirtækið nýjan miðlara og tilkynnir þér um hann.

Unsere Vermittler verarbeiten und nutzen selbst diese personenbezogenen Daten im Rahmen der genannten Beratung und Betreuung des Kunden. Auch werden sie von uns über Änderungen der kundenrelevanten Daten informiert. Jeder Vermittler ist gesetzlich und vertraglich verpflichtet, die Bestimmungen des BDSG und seine besonderen Verschwiegenheitsverpflichtungen (z.B. Berufsgeheimnis und Datengeheimnis) zu beachten.

Der für Ihre Betreuung zuständige Vermittler wird Ihnen mitgeteilt. Endet seine Tätigkeit für unser Unternehmen (z.B. durch Kündigung des Vermittlervertrages oder bei Pensionierung), regelt das Unternehmen Ihre Betreuung neu; Sie werden hierüber informiert.

8. Frekari upplýsingar og skýringar á réttindum þínum/ Weitere Auskünfte und Erläuterungen über Ihre Rechte

Samkvæmt þýskum lögum um gagnavernd (BDSG) hefur þú, auk framangreinds réttar til afturköllunar, rétt til að krefjast upplýsinga og, ef tilteknum skilyrðum er fullnægt, til að leiðrétta, loka eða eyða gögnum er varða þig og varðveitt eru í gagnabanka.

Sie haben als Betroffener nach dem Bundesdatenschutzgesetz neben dem eingangs erwähnten Widerrufsrecht ein Recht auf Auskunft sowie unter bestimmten Voraussetzungen ein Recht auf Berichtigung, Sperrung oder Löschung Ihrer in einer Datei gespeicherten Daten.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum og skýringum biðjum við þig um að snúa þér til þess fulltrúa tryggingarsala þíns sem fer með gagnaverndarmál. Einnig skalt þú ævinlega beina til tryggingarsala þíns hugsanlegum erindum varðandi upplýsingar, leiðréttingu, lokun eða eyðingu gagna sem eru vistuð hjá endurtryggingaraðila.

Wegen eventueller weiterer Auskünfte und Erläuterungen wenden Sie sich bitte an den betrieblichen Datenschutzbeauftragten Ihres Versicherers. Richten Sie auch ein etwaiges Verlangen auf Auskunft, Berichtigung und Sperrung oder Löschung wegen der beim Rückversicherer gespeicherten Daten stets an Ihren Versicherer.